

GJALDSKRÁ

Sjúkratrygginga Íslands fyrir dagdvöl aldraðra á vegum stofnana sem ekki eru á föstum fjárlögum árið 2023 og eru án samnings um verð við Sjúkratryggingar Íslands.

1. gr.

Gildissvið.

Sjúkratryggingar Íslands taka þátt í kostnaði við dagdvöl skv. gjaldskrá þessari. Gjaldskráin tekur til þjónustu við sjúkratryggða einstaklinga í dagdvalarrýmum á vegum stofnana sem ekki eru á föstum fjárlögum árið 2023 og eru án samnings við Sjúkratryggingar Íslands.

Gjaldskrá þessi er sett á grundvelli 38. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar og 7. gr. reglugerðar nr. 1245/2016 um dagdvöl aldraðra, með síðari breytingum.

2. gr.

Daggjöld vegna þjónustu í dagdvalarrýmum.

Daggjald fyrir þjónustu í dagdvalarrými er greitt eftir hvern almanaksmánuð.

Tilgreindur fjöldi dagdvalarrýma ákvarðar umfang þjónustunnar sem greiðsluþátttaka Sjúkratrygginga Íslands tekur til. Miðað er við að þjónusta í dagdvalarrými sé í boði 250 daga ársins.

Miðað er við að ein koma í dagdvalarrými vari í a.m.k. 6 klst. á dag. Innifalið í daggjöldum dagdvalarrýma er nauðsynlegur flutningskostnaður og hvers konar þjónusta sem látin er í té á stofnunum, sbr. meðal annars reglugerðir nr. 1245/2016, um dagdvöl aldraðra og nr. 427/2013, um greiðslur öldrunarstofnana fyrir heilbrigðisþjónustu.

Daggjöld fyrir dagdvalarrými skulu vera sem hér segir:

Tegund dagdvalar		Fjöldi dagdvalarrýma	Daggjald
A. Heilbrigðisumdæmi höfuðborgarsvæðisins			
Dagdvöl fyrir einstaklinga með heilabilun	Drafnarhús, dagdvöl, Hafnarfirði	22	19.446 kr.
Dagdvöl fyrir einstaklinga með heilabilun	Eir, Reykjavík	48	19.446 kr.
Almenn dagdvöl	Eir - Hlaðhamrar, Mosfellsbæ	9	8.892 kr.
Dagdvöl fyrir einstaklinga með heilabilun	Hlíðarbær, dagdvöl, Reykjavík	22	19.446 kr.
Almenn dagdvöl	Hrafnista, Sléttuvegi, Reykjavík	30	8.892 kr.
Almenn dagdvöl	Hrafnista, Boðapíngi, Kópavogi	30	8.892 kr.
Almenn dagdvöl	Hrafnista, Hafnarfirði	26	8.892 kr.
Almenn dagdvöl	Hrafnista Ísafold, Garðabæ	16	8.892 kr.
Dagdvöl fyrir einstaklinga með heilabilun	Hrafnista Ísafold, Garðabæ	4	19.446 kr.
Dagdvöl með sérhæfðri endurhæfingu	Hrafnista, Reykjavík	30	24.301 kr.
Dagdvöl fyrir einstaklinga með heilabilun	Hrafnista, Reykjavík	30	19.446 kr.
Dagdvöl fyrir einstaklinga með heilabilun	Mariuhús, dagdvöl, Reykjavík	22	19.446 kr.
Almenn sérhæfð dagdvöl	Múlabær, dagdvöl, Reykjavík	52	12.681 kr.
Dagdvöl með sérhæfðri endurhæfingu	Múlabær, dagdvöl, Reykjavík	8	24.301 kr.
Dagdvöl fyrir einstaklinga með heilabilun	Roðasalir, Kópavogi	20	19.446 kr.
Almenn dagdvöl	Sóltún öldrunarþjónusta - Sólvangur, Hafnarfirði	14	8.892 kr.
Dagdvöl fyrir einstaklinga með heilabilun	Sóltún öldrunarþjónusta - Sólvangur, Hafnarfirði	12	19.446 kr.

Tegund dagdvalar		Fjöldi dagdvalarrýma	Daggjald
Almenn dagdvöl	Vigdísarholt - Sunnuhlíð, Kópavogi	21	8.892 kr.
Dagdvöl fyrir einstaklinga með heilabilun	Vigdísarholt - Sunnuhlíð, Kópavogi	9	19.446 kr.
Dagdvöl fyrir einstaklinga með heilabilun	Vitatorg, dagdvöl, Reykjavík	18	19.446 kr.
Almenn dagdvöl	Þorrasel, dagdvöl, Reykjavík	50	8.892 kr.
B. Heilbrigðisumdæmi Suðurnesja			
Almenn dagdvöl	Dagdvöl aldraðra, Grindavík	5	8.892 kr.
Almenn dagdvöl	Dagdvöl aldraðra, Reykjanesbæ	18	8.892 kr.
Dagdvöl fyrir einstaklinga með heilabilun	Dagdvöl aldraðra, Reykjanesbæ	15	19.446 kr.
C. Heilbrigðisumdæmi Vesturlands			
Almenn dagdvöl	Brákarhlíð, Borgarnesi	4	8.892 kr.
Dagdvöl fyrir einstaklinga með heilabilun	Brákarhlíð, Borgarnesi	1	19.446 kr.
Almenn dagdvöl	Dagdvöl aldraðra, Hvammstanga	5	8.892 kr.
Almenn dagdvöl	Dvalarheimili aldraðra, Stykkishólmi	2	8.892 kr.
D. Heilbrigðisumdæmi Vestfjarða			
Almenn dagdvöl	Hlíf, dagdvöl, Ísafirði	13	8.892 kr.
E. Heilbrigðisumdæmi Norðurlands			
Almenn dagdvöl	Dagdvöl aldraðra, Skagafirði	11	8.892 kr.
Almenn dagdvöl	Dalbær, Dalvík	14	8.892 kr.
Almenn dagdvöl	Hvammur, Húsavík	23	8.892 kr.
Almenn dagdvöl	Naust, Þórshöfn	4	8.892 kr.
F. Heilbrigðisumdæmi Austurlands			
Almenn dagdvöl	Dagdvalarheimilið Breiðdalsvík	5	8.892 kr.
Almenn dagdvöl	Hlymsdalir, Egilsstöðum	5	8.892 kr.
Dagdvöl fyrir einstaklinga með heilabilun	Hlymsdalir, Egilsstöðum	3	19.446 kr.
Almenn dagdvöl	Sundabúð Vopnafirði	1	8.892 kr.
Almenn dagdvöl	Tryggvabúð, dagdvöl, Djúpvaggi	4	8.892 kr.
G. Heilbrigðisumdæmi Suðurlands			
Almenn dagdvöl	Árborg, dagdvöl, Selfossi	16	8.892 kr.
Dagdvöl fyrir einstaklinga með heilabilun	Árborg, dagdvöl, Selfossi	15	19.446 kr.
Almenn dagdvöl	Ás, Hveragerði	5	8.892 kr.
Almenn dagdvöl	Dagdvöl aldraðra, Þorlákshöfn	8	8.892 kr.
Almenn dagdvöl	Hjallatún, Vík	2	8.892 kr.
Almenn dagdvöl	Kirkjuhvoll, Hvolsvelli	2	8.892 kr.
Almenn dagdvöl	Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	1	8.892 kr.
Almenn dagdvöl	Lundur, Hellu	2	8.892 kr.
Almenn dagdvöl	Sveitarfélagið Hornafjörður, dagdvöl	7	8.892 kr.

684

3. gr.

Húsnæðisgjald.

Húsnæðisdaggjald fyrir dagdvalarrými mætir viðhaldskostnaði húsnæðis sem nýtt er til reksturs þeirra. Húsnæðisdaggjald árið 2023 er kr. 451 á dag fyrir að hámarki 30 fermetra dagdvalarrými.

Húsnæðisdaggjaldið fyrir dagdvalarrými hlutfallast í samræmi við stærð rýmisins og reiknast aldrei á stærra rými en hámarkið segir til um.

4. gr.

Greiðslubátttaka.

Greiðslubátttaka hins sjúkratryggða vegna dagdvalar fer samkvæmt 19. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra og reglugerð nr. 1245/2016 um dagdvöl aldraðra, með síðari breytingum.

5. gr.

Dagdvöl.

Umsóknir um dagdvöl skulu berast til viðkomandi rekstraraðila eða heimilis sem býður upp á úrræðið. Þurfi að forgangsraða umsækjendum skulu þeir ganga fyrir sem eru í mestri þörf fyrir úrræðið. Auk þess skal taka tillit til dagsetningar umsóknar og þess hvort umsækjandi hafi áður verið í sams konar úrræði og þá hversu langt er liðið frá því að það var síðast notað.

Dagdvöl aldraðra er stuðningsúrræði við þá sem að staðaldri þurfa eftirlit og umsjá til að geta búið áfram heima. Þar skal veitt hjúkrunarþjónusta og vera aðstaða til þjálfunar og læknisþjónustu. Boðið skal upp á flutningsþjónustu að og frá heimili einstaklingsins, mat á heilsufari, þjálfun, tómstundaiðju, félagslegan stuðning, fræðslu, ráðgjöf og aðstoð við athafnir daglegs lífs, sbr. lög nr. 125/1999 og reglugerð nr. 1245/2016, með síðari breytingum.

A. Almenn dagdvöl.

Dagdvölin er stuðningsúrræði fyrir aldraða sem að staðaldri þurfa eftirlit, umsjá og stuðning til að geta búið heima. Notendur dagdvalar geta sótt þjónustuna daglega eða tiltekna daga í viku hverri. Tryggja þarf notendum dagdvalar heilbrigðisþjónustu og félagslegan stuðning á því þjónustustigi sem er eðlilegast miðað við þörf og ástand hvers og eins.

B. Dagdvöl fyrir einstaklinga með heilabilun.

Dagdvölin tekur m.a. til sjúkra- og/eða iðjuþjálfunar fyrir einstaklinga með heilabilunarsjúkdóm og miðar þjónustan að því að rjúfa einangrun einstaklinganna, gefa þeim kost á að umgangast jafningja, taka þátt í daglegum athöfnum og þjálfu hug og hönd eins og geta hvers og eins býður. Áhersla er á að gera einstaklingnum kleift að búa heima og viðhalda sjálfhjálpargetu með því að bjóða upp á örvandi og hvetjandi starfsemi og fresta þannig þörf fyrir sólarhringsumönnun. Þjónustan skal taka mið af þörfum einstaklingsins, áhuga, getu og óskum. Leggja skal áherslu á sveigjanleika í starfsemi, fjölbreytta virkni, þjálfun og afþreyingu út frá mismunandi þörfum og áhuga. Þannig skal stuðla að umönnun sem eflir styrk og getu, stuðlar að vellíðan og eykur öryggi. Leggja skal áherslu á að skapa rólegt og öruggt umhverfi með faglegri umhyggju. Einnig skal huga að mikilvægi upplýsingagjafar til einstaklingsins og aðstandenda hans.

C. Dagdvöl með sérhæfðri endurhæfingu.

Í dagdvöl með sérhæfðri endurhæfingu felst dagþjálfun þar sem áhersla er lögð á líkamlega þjálfun og félagslega virkni. Þjónustan er eingöngu fyrir aldraða þar sem endurhæfing er forsenda þess að viðkomandi geti áfram búið heima eða fyrir aldraða sem þarfnast endurhæfingar í kjölfar sjúkráhuslegru. Dagþjálfunin er 8-10 vikna úrræði 3-5 daga vikunnar og opin frá kl. 8-19 alla virka daga.

Umsókn til meðferðaraðila skal vera á þar til gerðu eyðublaði þjónustuaðila. Með henni skal fylgja lækna- og/eða hjúkrunarbréf þar sem fram kemur að þörf sé á þjálfun til dæmis sjúkra- og/eða iðjuþjálfun. Ef umsókn er samþykkt skal inntökuteymi þjónustuaðila gera mat á markmiðum og skipulagi þjálfunar í samráði við fagaðila og skal það uppfært mánaðarlega eða eftir því sem við á.

D. Almenn sérhæfð dagdvöl.

Á eingöngu við um Múlabæ.

6. gr.

Rafræn samskipti og reikningsupplýsingar.

Reikningar skulu uppfylla skilyrði laga og reglna á hverjum tíma. Þeir skulu vera á því formi sem Sjúkratryggingar Íslands ákveða. Reikningar er varða þjónustu sem veitt er á grundvelli gjaldskrár þessarar skulu sendir Sjúkratryggingum Íslands rafrænt mánaðarlega. Við sendingu rafrænna reikn-

ingsupplýsinga ber að fara eftir færslulýsingu sem Sjúkratryggingar Íslands hafa samþykkt og skulu þær berast SI í síðasta lagi 10. dag hvers mánaðar, fyrir liðinn mánuð.

Rafræn samskipti aðila og varðveisla gagna skulu fara eftir ákvæðum laga um bókhald nr. 145/1994. Rekstraraðilar bera kostnað af innskráningu upplýsinga en ekki af rekstri og viðhaldi RAI-gagnagrunns og þjónustukerfa Sjúkratrygginga Íslands.

Ef ekki reynist unnt að ákvarða rétt til greiðslu eða fjárhæð hennar vegna skorts á nauðsynlegum upplýsingum er Sjúkratryggingum Íslands heimilt að fresta greiðslu þar til úr því er bætt. Stofnunin skal gera viðkomandi heimili viðvart ef til frestunar kemur, leiðbeina um hvaða upplýsingar skortir og skora á það að veita þær innan viðhlítandi frests.

7. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi er sett með stoð í 38. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar og 7. gr. reglugerðar nr. 1245/2016 um dagdvöl aldraðra, með síðari breytingum. Gjaldskráin gildir frá 1. janúar 2023 og er gildistími sá sami og kveðið er á um í 7. gr. reglugerðar nr. 1245/2016 með síðari breytingum. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 130/2022.

Sjúkratryggingum Íslands, 26. janúar 2023.

Ingibjörg K. Þorsteinsdóttir.

Júlíana H. Aspelund.